

Samþykktir fyrir Beint frá býli – félag heimavinnsluaðila

1. grein

Félagið heitir Beint frá býli – Félag heimavinnsluaðila, skammstafað BFB.

Heimili og varnarþing er heimili formanns hverju sinni. Starfssvæði félagsins er allt Ísland.

2. grein

Tilgangur félagsins er að hvetja til heimavinnslu og sölu, einnig vinna að hagsmunum þeirra bænda sem stunda eða hyggjast stunda hverskonar framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum. Meginmarkmið félagsins er að tryggja neytendum gæðavörur þar sem öryggi og rekjanleiki vöru er í fyrirrúmi. Félagið skal einnig hvetja til varðveislu hefðbundinna framleiðsluaðferða og kynningar á svæðisbundnum hráefnum og hefðum í matargerð öllum neytendum til heilla og hagsbóta.

3. grein

Rétt til aðildar að félaginu hafa þeir einstaklingar og lögaðilar sem stunda eða hyggjast stunda framleiðslu og sölu á heimaunnum afurðum á lögbýlum. Sé um lögaðila að ræða skal tilkynna stjórn hver sé þar forsvarsmáður. Styrktaraðilum er heimil þátttaka með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar á aðalfundi. Stjórn félagsins er heimilt að taka við frjálsum framlögum fjármuna frástyrktarfélögum og velunnurum sínum.

4. grein

Félagið innheimtir félagsgjald, sem skal ákveða á aðalfundi. Hafi félagi ekki gert upp árgjald liðins almanaksárs, fyrir aðalfund, skoðast það sem úrsögn úr félaginu.

Óski félagi úrsagnar úr félaginu, skal það gerast skriflega.

5. grein

Stjórn félagsins skipa 3 stjórnarmenn og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórnin skiptir með sér verkum.. Að loknu kjöri aðalmanna í stjórn skulu 3 varamenn kjörnir til eins árs.

Varamenn skulu boðaðir á stjórnarfundum og fá sendar fundargerðir.

Kjörnir skulu 2 skoðunarmenn reikninga úr hópi félagsmanna

6. grein

Aðalfund félagsins skal halda fyrir apríllok ár hvert. Skal fundurinn auglýstur opinberlega og jafnframt boðaður öllum félagsmönnum í tölvupósti með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Sérhver félagsmaður (forsvarsmáður lögaðila, ef um slíkan er að ræða) fer með eitt atkvæði á aðalfundi. Aðalfundur er lögmatúr sé hann sannanlega auglýstur með löglegum fyrirvara. Reikningsárið er almanaksárið.

Dagskrá aðalfundar:

1. Fundarsetning.

2. Kjör fundarstjóra og fundarritara.

3. Ávörp gesta.

4. Erindi:

5. Skýrsla formanns (stjórnar) félagsins um starfsemi á liðnu ári..

6. Endurskoðaðir reikningar félagsins fyrir síðastliðið ár lagðir fram til afgreiðslu.

Umræður um skýrslu formanns og reikninga.

7. Breytingar á samþykktum BFB.

8. Kosning aðalstjórnar og varastjórnar.

9. Kosning tveggja skoðunarmanna.

10. Árgjald ákveðið.

11. Önnur mál sem félagið varðar.

.

7. grein

Samþykktum þessum má aðeins breyta á aðalfundi félagsins og þarf til þess 2/3 atkvæðisbærra fundarmanna.

8. grein

Stjórn og vefstjóra er óheimilt að setja vörur sem þurfa starfsleyfi af einhverju tagi á heimasíðu eða í bæklinga nema fyrir liggi staðfesting frá starfsleyfisgjafa.

9. grein

Félaginu verður ekki slitið nema að 2/3 hlutar mættra félaga á aðalfundi samþykki og skal tillaga að slitum auglýst sérstaklega í fundarboði. Skulu eigur þess renna til góðgerðamála. Síðasti aðalfundur BFB ákveður til hvaða góðgerðamála eigum félagsins verður ráðstafað.

Samþykkt á stofnfundi Beint frá býli – Félags heimavinnsluaðila þann 29. febrúar 2008.

Breytt á aðalfundi 26. mars 2011.

Breytt á aðalfundi 28. apríl 2017